



14. fundur stjórnar LH 2022-2024
6. nóvember 2023 kl. 12:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Hákon Hákonarson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Edda Rún Ragnarsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Gunnarsson.

Mætt úr varastjórn: Randi Holker, Birna Tryggvadóttir og Valdimar Magnús Ólafsson.

Forföll boðuðu: Gróa Baldvinsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerða 11., 12. og 13. fundar

2. Tilnefningar til knapaverðlauna og keppnishestabús ársins 2023 – *Formaður Valnefndar*

Formaður valnefndar fór yfir tilnefningar ársins. Vegna þess hversu jafnir knapar eru í tveimur flokkum er lagt til að tilnefndir verði sex aðilar í flokki íþróttaknapa ársins og gæðingaknapa ársins, en fimm í öðrum flokkum.

Afgreiðsla: Samþykkt, skrifstofu falið að birta tilnefningarnar.

3. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 – Til bókunar

Afgreiðsla: Umsögn LH send til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 25. okt. sl.

4. Notkun hjálma í sjónvarpsþættinum Ride Masters – bréf til Alendis – Til bókunar

Öryggisnefnd LH og stjórn LH sendu bréf til Alendis með hvatningu um að gera hjálmanotkun að skyldu í þáttunum Ride Masters.

Afgreiðsla: Sent til Alendis þann 2. nóv. sl.

5. Umsókn um að halda Íslandsmót barna og unglunga 2024

Auglýst var eftir umsóknum um að halda Íslandsmót fullorðinna og ungmenna, Íslandsmót barna og unglunga og Áhugamannamót Íslands. Ein umsókn barst um Íslandsmót barna og unglunga frá Hestamannafélaginu Herði.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela Hestamannafélaginu Herði að halda Íslandsmót barna og unglunga 18.-21. júlí 2024.

6. Beiðni um tilnefningu í starfshóp um upplýsingaefni um almenna umhirðu hrossa – frá Deild hrossabænda

Deild hrossabænda er að stofna starfshóp sem er ætlað að setja saman almennar leiðbeiningar um beitarstýringu, fóðrun og almenna umhirðu hrossa hvort sem er á húsi eða útigangi. Ásamt Deild hrossabænda hafa Landgræðslan og Mast skipað fulltrúa í hópinn. Óskað er eftir tilnefningu fulltrúa LH í starfshópnum.



Afgreiðsla: Samþykkt að tilnefna fulltrúa í starfshópinn. Formanni og framkvæmdastjóra falið að finna hentugan fulltrúa.

7. Þýðing á reglum um Gæðingalist yfir á sænsku

Sænska Íslandshestasambandið (SIF) óskar eftir heimild til að þýða reglur um Gæðingalist yfir á sænsku á eigin kostnað. Þú óska einnig eftir aðstoð frá íslenska faghópnum um Gæðingalist með fagheiti og vafatílfelli.

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir áliti faghóps um Gæðingalist um málið.

8. Beiðni um leiðréttingu á mótsskýrslu Reykjavíkurmóts – bréf frá Alendis

Í mótsskýrslu Reykjavíkurmóts var getið um atvik sem starfsfólk Alendis var viðriðið. Stjórnarformaður Alendis óskar eftir að tilvísun í Alendis sé alfarið tekin út úr mótaskýrslunni.

Afgreiðsla: Stjórn telur ekki hlutverk stjórnar að breyta mótsskýrslum. Samþykkt að beina þeirri spurningu til mótisstjórnar Reykjavíkurmóts hvort þau telji ástæðu til að breyta orðalagi í texta skýrslunnar.

9. Önnur mál

- a. Fundur með Þorvaldi T. Jónssyni formanni verkefnastjórnar HOI
Í kjölfar uppsagnar LH á samningi um markaðsverkefnið Horses of Iceland voru formaður og framkvæmdastjóri LH ásamt formanni Deildar hrossabænda boðuð á fund með formanni verkefnastjórnar HOI í Matvælaráðuneytinu. Ráðuneytið lítur svo á að gera megj viðauka við gildandi samning þar sem framlag LH til verkefnisins er endurskilgreint.
- b. Fundir með formönnum og sportfulltrúum Norðurlanda - frestað

Fundi slitið kl. 13:02